eða stofnvari hjá notenda. Greiðsla fyrir loftlínuheimtaug skal vera 20% lægri og þegar loftlínu er breytt í jarðlínu greiðist sá mismunur. Þegar byggja þarf spennistöð vegna notenda, leggur hann til lóð eða húsnæði undir spennistöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Helmingur heimtaugargjaldsins greiðist þegar sótt er um heimtaug, og afgangurinn þegar lagningu er lokið.

**Opnunargjöld og óleyfileg vör.**

1. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greidd fyrir tilskilinn tíma, sem um getur í reglugerð fyrir Rafveitu Patrekshrepps og tilgreind er á tilkynningum rafveitunnar, skal taka kr. 200.00 fyrir enduropnun veitu, ef til lokunar hefur komið vegna vanskila eða annarra ástæðna. Enduropnun veitu má ekki framkvæma, fyrr en áfallin gjöld hafa verið greidd, eða samið um greiðslu.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör, eða of stór, við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og er óheimilt að opna aftur, fyrr en notandi hefur greitt kr. 100.00 á skrifstofu rafveitunnar.

**Heimild til hækkunar.**

Gjaldskrá þessa má hækka með samþykki hreppsnefndar, allt að 20% án samþykkis ráðuneytis, enda skal sú hækkun auglýst í Lögbirtingablaðinu með nægum fyrirvara.

Gjaldskrá þessi, sem rafveitunefnd Rafveitu Patrekshrepps hefur samið og hreppsnefnd Patrekshrepps samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58/1967, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Patrekshrepps, nr. 265/1964.

*Atvinnumálaráðuneytið, 18. júní 1968.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Nr. 202.

# REIKNINGUR

## Lánasjóðs sveitarfélaga 1967.

Gjöld:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| I. | Hlutdeild í sameiginlegum skrifstofukostnaði: | | | | |
| | 1. Laun og lífeyrissjóðsiðgjöld | kr. | 353 959.14 | | |
| | 2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting | — | 121 517.16 | | |
| | 3. Pappír, prentun, ritföng, sími | — | 56 592.40 | | |
| | 4. Ýmis útgjöld | — | 27 898.42 | kr. | 559 967.12 |
| II. | Stjórnarlaun 1966 og 1967 | | | — | 165 000.00 |
| III. | Önnur laun | | | — | 20 000.00 |
| IV. | Stimpilgjöld og lántökugjald | | | — | 62 000.00 |
| V. | Vaxtagjöld | | | — | 18 624.00 |
| VI. | Annar kostnaður | | | — | 10 650.00 |
| VII. | Hagnaður | | | — | 19 391 907.83 |
| | | | | Kr. | 20 228 148.95 |

Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| I. Vextir | | kr. | 487 648.95 |
| II. Lántökugjöld | | — | 240 500.00 |
| III. Óafturkræf framlög: | | | |
| a) Frá ríkissjóði | kr. 4 500 000.00 | | |
| b) Frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga | — 15 000 000.00 | | |
| | | — | 19 500 000.00 |
| | | Kr. | 20 228 148.95 |

## Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1967.

| | | |
|---|---|---|
| I. Sjóður | kr. | 7 840.00 |
| I. Sjóður | kr. | 7 274.25 |
| II. Hlaupareikningsinnstæða | — | 83 076.85 |
| III. Áhöld og bækur | — | 37 427.40 |
| IV. Útistandandi, ógjaldfallnir vextir | — | 378 930.00 |
| V. Skuldabréf frá sveitarfélögum | — | 24 050 000.00 |
| | Kr. | 24 557 274.25 |

Skuldir:

| | | |
|---|---|---|
| I. Framkvæmdasjóður Íslands | kr. | 5 000 000.00 |
| II. Aðrir lánadrottnar | — | 146 742.42 |
| III. Vextir af teknu láni pr. 31. des. | — | 18 624.00 |
| IV. Höfuðstóll | — | 19 391 907.83 |
| | Kr. | 24 557 274.25 |

Reykjavík, 15. febrúar 1968.

**Magnús E. Guðjónsson,**
framkvæmdastjóri.

Reikningurinn endurskoðaður og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 30. marz 1968.

*Sigurður S. Haukdal.*

Framanskráðan rekstrar- og efnahagsreikning pr. 31. des. 1967, fyrir Lánasjóð sveitarfélaga, hef ég endurskoðað.

Ég hef sannreynt einstaka liði ársreikninganna á þann hátt, sem ég álít fullnægjandi, og tel þá sýna skýra og rétta mynd af rekstri sjóðsins árið 1967 og efnahag hans í árslok.

Varðandi hlutdeild í sameiginlegum skrifstofukostnaði vísast til bréfs míns til stjórnar sjóðsins dags. í dag.

Reykjavík, 30. marz 1968.

*Atli Hauksson.*